



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

2404025 SÓÁ

Umsögn

Pingsályktunartillaga, mál 900, um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (virkjunarkostir í vindorku)

Á 180. fundi skipulags- og byggingarnefndar Skorradalshrepps var skipulagsfulltrúa falið að senda inn umsögn í samráði við nefndina.

Nefndin sendi inn umsögn er varðar þingsályktunartillögu máls 899, um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi, en í umsögn segir: „Í kafla 1.2. eru talin upp svæði þar sem uppbygging virkjunarkosta í vindorku er óheimil. Svæði innan marka miðhálandislínu er skilgreint sem svæði þar sem vindorka verður óheimil. Innan miðhálandislínu eru nokkrar vatnsaflsvirkjanir 10 MW og stærri. Jákvæð hagræn áhrif eru af því að uppbygging virkjunarkosta í vindorku verði í nálægð vatnsaflsvirkjana þar sem innviðir eru til staðar, háspennulínur o.fl.. Þannig undirbyggir það enn fremur stefnu stjórnvalda sem kemur fram í kafla 1.4 þar sem segir að stefnt verði að því að hlutfall raforkuvinnslu með vindorku af heildarraforkuvinnslu auk staðsetningar vinnslu og notkunar á hverjum tíma sé í sem mestu jafnvægi og stuðli að aukinni hagkvæmni orkukerfisins og flutningskerfis raforku í heild sinni. Einnig bendir sveitarfélagið á að það sé mikilvægt að nýta röskuð svæði vatnsaflsvirkjananna innan miðhálandislínu undir uppbyggingu virkjunarkosta í vindorku í stað þess að uppbygging virkjunarkosta í vindorku byggist upp meðfram byggðalínu hringinn í kringum landið í nágrenni íbúa sem byggja þetta land, með tilheyrandi sjón-, hljóð og óafturkræfri plasmengun.

Í kafla 3.1 er fjallað um röskuð svæði og telur sveitarfélagið mikilvægt að neðstu málsgrein verði breytt í samræmi við ofangreint og á þann veg að síðasti hluti setningar verði tekinn út og mgr. hljóði eftirfarandi: „Til að tryggja raforkuöryggi, vegna uppbyggingar og þróunar á flutningskerfi raforku, vegna markmiða um orkuskipti, vegna loftslagsmála eða annarra mikilvægra samfélagslegra ástæðna, geti uppbygging vindorkumannvirkja á öröskuðum svæðum þó í einhverjum tilvikum komið til greina af öðrum ástæðum.““

Í ljósi ofangreindrar umsagnar leggur nefndin til að gerð verði breyting á þingsályktunartillögu máls 900 um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011. Breytingin varðar b. lið 2. gr. þar sem lagt er til að tekin verði út eftirfarandi texti: „og svæða innan marka miðhálandislínu eins og hún er skilgreind í landsskipulagsstefnu“. Eftir breytingu mun b. liður 2. gr. hljóða svo:
„b. Við bætist nýr málslíður svohljóðandi: Þegar um er að ræða landsvæði og virkjunarkosti í vindorku tekur verndar- og orkunýtingaráætlun að auki ekki til svæða á B-hluta náttúruminjaskrár, svæða innan marka friðhelgunar menningarmínja, svæða á heimsminjaskrá UNESCO auk svæða sem tilnefnd hafa verið á skrána og Ramsar-svæða.““

Vatnsaflsvirkjanir 10 MW og stærri innan miðhálandislínu hafa breytt ásýnd landsins og umhverfi þeirra er mikið raskað. Í ljósi þess og að þær eru ekki staðsettar í byggð, þ.e fjarri heimilum fólks, að þá er mikilvægt að uppbygging virkjanakosta vindorku eigi sér þar stað.

Hvanneyri 26. apríl 2024
Virðingarfyllst,



Sigurbjörg Ósk Askelsdóttir
skipulagsfulltrúi

SKIPULAGSFULLTRÚ
SKORRADALSHREPPS